

Reglugjörð

fyrir forðagæslumenn Vestmannaeyjahrepps.

1. gr.

Forðagæslumaður fyrir Vestmannaeyjahrepp skal vera einn.

2. gr.

Eftirlitsferðir þær er um getur í 3. gr. laga um forðagæslu frá 10. nóvbr. 1913, skal forðagæslumaður framkvæma; hina fyrri frá 1.—20. nóvbr., en hina síðari 1.—20. mars.

3. gr.

Forðagæslumaður skal skoða allan búpening í hinum fyrirskipuðu eftirlitsferðum og að vorinu, þegar að því er komið eða um það bil, að honum er slept úr húsi. Í öllum þessum ferðum skal hann telja allan búpening á hverju heimili, hverja tegund útaf fyrir sig, nautgripi, sauðfje, hross, o. s. frv. og færa á skýrslu í forðagæslubók.

4. gr.

Forðagæslumaður skal kynna sjer sem best má fóðurmagn og fóðurgæði, er hverri tegund og tölu búpenings er ætlað, gera áætlun um, hve mikið fóður, eftir gæðum fóðursins, hver einstakur íbúi hreppsins muni þurfa fyrir þann fjen- að er hann setur á vetur, til þess að vera byrgur til fardaga þó hart verði.

5. gr.

Mæla skal forðagæslumaður öll hey í hinum fyrirskipuðu eftirlitsferðum og heyfyrningar að vorinu — í kubikmetrum — og færa sundurliðaða skýrslu um fóðurbyrgðir og fyrningar inn í forðagæslubók, samkvæmt fyrirskipuðu formi.

6. gr.

Ef forðagæslumaður álitur að búpeningi einhvers sje ekki ætlað nægilega

mikið eða gott fóður, eða hann álitur ávant hvað hirðingu og húsrúm snertir, skal hann áminna hlutaðeiganda um að bæta úr því, sem áfátt kann að vera. **91**
Jafnframt skal hann gefa þau ráð og bendingar, er hann telur þurfa. 24. júlí

7. gr.

Forðagæslumaður getur heimtað, að allir þeir, er búpening hafa undir hendi, hvort heldur það er til fóðurs eða í haga, hafi hann viðlátinn til skoðunar á þeim tíma, er forðagæslumaður tiltekur.

8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari eða fyrirskipun forðagæslumanns varðar sektum samkvæmt 12. gr. laga um forðagæslumenn 10. nóvbr. 1913.

9. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 10 nóvbr. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.